

Alþingi
Erindi nr. P 128/1693
komudagur 12.3.2003

Samgöngunefnd Alþingis
Ágúst Geir Ágústsson
nefndarritari
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK
Ísland

10.03.2003

Kæri Ágúst.

Flugfélag Íslands hefur verið beðið um umsögn um ofangreint mál. Megininnihald er á þá leið, að innheimta flugvallargjalda falli niður yfir veturinn og er meginforsenda sú að örva ferðapjónustu utan háannatíma. Það er ljóst að allir flugrekstraraðilar hljóta að verða ánægðir með niðurfellingar gjalda sem til staðar eru. Hvort meginmarkmið um fjölgun ferðamanna utan háannatíma náist með þessum aðgerðum er erfitt að meta. Það er alveg ljóst að verðlagning ferða hingað til lands skiptir máli, þar sem Ísland er í samkeppni við ýmsa aðra áfangastaði um þessa farþega.

Það þarf þó að hafa í huga nokkur atriði. Í fyrsta lagi er að nefna, að flugvallargjöld standa undir hluta framkvæmda við flugmálaáætlun. Það er ljóst, að til lengri tíma er það ekki góður kostur fyrir flugrekendur að draga úr framkvæmdum við mannvirki sem tengjast flugi. Þar er að sjálfsögðu lögð megináhersla á framkvæmdarþætti, sem snúa að öryggi í flugi. Mikið hefur áunnist á undanförunum árum, en enn eru verkefni óunnin. Við göngum út frá því, að fjármagn verði ekki skert til framkvæmda við flugmálaáætlun, þó að tekjur verði skertar á þennan hátt. Hitt atriðið, sem vert er að benda á, er að enn er í gangi mál, þar sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur kvartað yfir mismunandi upphæð flugvallargjalda eftir því hvort um innanlands- eða millilandaflug er að ræða. Það eru miklar líkur til þess að það mál geti haft áhrif á innheimtu flugvallargjalda til framtíðar, þar sem krafan er, að sömu gjöld verði innheimt af öllu flugi. Þetta skiptir e.t.v. ekki meginmáli í samhengi við þessa tillögu, en er þó rétt að benda á þetta atriði.

Ég vona að þetta komi að einhverjum notum og ef þörf er á frekari umsögn, þá erum við reiðubúin til að veita allar þær upplýsingar sem þarf.

Með kveðju


Jón Karl Ólafsson

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

Air Iceland

Reykjavíkurlugvelli • 101 Reykjavík • Sími 570 3000 • Fax 570 3001

